



**Kveðja  
frá  
forseta Íslands  
Ólafi Ragnari Grímssyni**

Norræn frímerkjasöfn eru vitnisburður um frændsemi þjóðanna, sögu okkar og menningu, viðburði og merkisfólk, óður til náttúru og mannlífs.

Slík söfn sýna með vissum hætti hvernig sjálfsmyndir íbúa Norðurlanda hafa breyst í árána rás; tekið mið af umróti tímans.

Það er því vel við hæfi að þjóða sýninguna NORDIA 2009 velkomna til Hafnarfjarðar sem nýlega fagnaði hundrað ára afmæli. Við upphaf síðustu aldar var Hafnarfjörður fátækt þorp sjómanna og fiskverkenda en er nú orðinn fjölskrúðugt samfélag með alþjóðlegt yfirbragð. Saga hans er þjóðarsaga Íslendinga í hnotskurn.

Frímerkjasöfnin birta okkur líka á sinn hátt sögu þjóða; breytingar í veröldinni. Því er það ætíð fróðleiksferð og gleðiefni að ganga um sýningar sem kynna okkur úrval úr heimi frímerkjanna. Svo verður einnig nú þegar NORDIA 2009 verður opnuð í Hafnarfirði.